

Ár 2014, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Elínborg Ólafsdóttir í forföllum Eypórs H. Ólafssonar og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar bauð formaður Elínborgu Ólafsdóttur velkomna á sinn fyrsta bæjarráðsfund.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 5. febrúar 2014.**

Í bréfinu er rætt um frestun á gildistöku nýs námsmats samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla til vorsins 2016.

Lagt fram til kynningar.

#### **1.2. Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 4. febrúar 2014.**

Í bréfinu er kynnt fyrirkomulag við úthlutun styrkja úr styrktarsjóði EBÍ árið 2014.

Lagt fram til kynningar.

#### **1.3. Nordjobb frá 8. janúar 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær taki 2 norræn ungmenni í sumarstörf.

Bæjarráð telur ekki forsendur til að taka fólk til starfa hjá bænum í gegnum Nordjobb þetta árið.

#### **1.4. Kvenfélagi Hveragerðis ódagsett.**

Í bréfinu óskar kvenfélag Hveragerðis eftir að Hveragerðisbær taki þátt í endurnýjun á palli við fasteignina Fljótsmörk 2.

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

#### **1.5. Ferðamálasamtökum Hveragerðis frá 18. febrúar 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna ferðar fulltrúa samtakanna á stóra ferðasýningu í Berlín þar sem Hveragerðisbær og ferðaþjónusta í bæjarfélaginu verður kynnt.

Bæjarráð samþykkir að greiða helming kostnaðar við bás samtakanna á sýningunni í Berlín enda er ætlunin að kynna

Hveragerðisbæ sem heildstæðan áfangastað fyrir ferðamenn og koma allir til með að njóta góðs af því.

1.6. **Leikskólanum Óskalandi ódagsett.**

Í bréfinu er boðið til 20 ára afmælis leikskólans Óskalands þann 22. febrúar kl. 14:30.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 12. febrúar 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir ýmsum upplýsingum varðandi húsnæðismál og leigumarkað í bæjarfélaginu en unnið er að könnun á húsnæðismálum á Suðurlandi meðal sveitarfélaga.

Bæjarstjóra er falið að svara könnuninni.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Bréf frá Sýslumanninum á Selfossi frá 12. febrúar 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Kolbrúnar Bjarnadóttur um leyfi til reksturs gististaðar í flokki III.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsókn Kolbrúnar Bjarnadóttur kt. 120758-5439 f.h. M.Gott ehf, Frumskógum 3 um rekstur gististaðar.

Bæði opnunartími og staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

3. **Framtíðarsýn og möguleikar:**

Rætt um áframhald þessarar vinnu.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 24. janúar 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:07

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)